

Berist til: Atvinnuveganefndar

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um velferð dýra, nr. 55/2013 (bann við blóðmerahaldi).

Umsögn þessi felur í sér stuðning við frumvarpið. Staðan í heiminum ætti að vera fullnægjandi ástæða þess að keyra það í gegn, enda er Ísland eitt af fáum löndum sem enn heimilar blóðmerahald. Evrópusambandið fær reglulega formlegar spurningar um hvort það hyggt ekki banna innflutning á PMSG og Sviss hefur hætt innflutningi á því. Þessi iðja samræmist ekki lögum um dýravelferð né framtíðaráætlunum um sjálfbæra fæðuframleiðslu. PMSG er notað til þess að auka frjósemi, einna helst hjá gyltum í þaueldi. Það eykur því enn frekar álag á gyltur, sem sæta nú þegar verstu meðferð sem fyrirfinnst í eldisdýraíðnaðinum. Jafnframt er þessi iðnaður ekki í samræmi við aðgerðaráætlun ríkisstjórnarinnar í loftslagsmálum, áætlanir Evrópusambandsins um viðhald líffræðilegs fjölbreytileika og um sanngjörn, heilsusamleg og vistvæn fæðukerfi og umhverfismarkmið landbúnaðarstefnu Evrópusambandsins, enda ýtir hann undir þaueldi sem hverfa þarf frá og auka hlut neyslu á plöntum. Straumlínulaga þarf fæðukerfi vestrænna þjóða og er það gert með að fækka milliliðum í framleiðslu. Það hlýtur því að skjóta skökku við að heimild sé fyrir því að rækta plöntur til að ala merar, til að ala fleiri grísi til að ala fólk – með tilheyrandi neikvæðum áhrif á velferð dýranna, umhverfi og heilsu mannfólks – þegar öllum til heilla er að ala plöntur til að ala fólk. Við verðum að horfa lengra en nef okkar nær. Þetta snýst ekki um einn hagsmunaaðila, þá sem ala dýr til að hagnast, heldur miklu fleiri; dýrin sjálf, framtíðarkynslóðir og ímynd Íslands út á við. Ef við viljum varpa fram þeirri mynd að Ísland sé framsækið land, sjálfbær þjóð með sterkt velferðarkerfi manna og dýra, verðum við að hegða okkur í samræmi við það og leggja bann við blóðmerahaldi.

Þess óskar,

Marín Ósk Hafnadóttir